



## ÍBÚAFUNDUR

Íbúafundur verður haldin í Valsárskóla **laugardaginn 21. apríl** n.k Fundurinn hefst **kl. 10:30** og lýkur fyrir kl. 13:00. Sjá einnig vefsíðu: [www.svalbardsstrond.is](http://www.svalbardsstrond.is).

Fundarefni:

### Framtíðarnefndin:

Leiðarvísar

### Sveitarstjórn og sveitarstjóri

Skólamál

Félags- og velferðarmál

Skipulagsmál

Annað

### Umhverfismál

Stefna í umhverfismálum

### Kosningar 26. maí

Sameiginlegur vettvangur fyrir áhugasama um framboð - leiðir kynntar.

## Léttar veitingar í hádeginu

Fyrirspurnir og almennar umræður

Íbúar eru hvattir til að mæta og kynna sér málefni samfélagsins

---

## NÆSTU RUSLADAGAR

18. apríl - Gráa / brúna tunnan

26. apríl - Græna tunnan

3. maí - Gráa / brúna tunnan

17. maí - Gráa / brúna tunnan

## KÖKUBASAR

Foreldrafélag Álfaborgar verður með kökubasar sem verður haldinn laugardaginn **21. apríl** strax að loknum íbúafundi. Kökurnar munu kosta á bilinu 1.000 kr. til 3.500 kr.

ATH. enginn posi á staðnum.

Við hvetjum alla til að koma og stykja starf foreldrafélagsins.

---

## SVALBARÐSKIRKJA

### Sumardagurinn fyrsti 19. apríl kl. 11.00

Fermingarguðsþjónusta í Svalbarðskirkju. Fimm vorleg ungmenni verða fermd. Kirkjukórinn syngur undir stjórn Petru Bjarkar Páldóttur.

Verið öll hjartanlega velkomin!

### Mæðradagurinn 13. maí kl. 14.00

Lokahátíð barnastarfsins í Laufási. Fjölskyldustund í Laufáskirkju, grillaðar pylsur, hoppukastali, Rebbi refur, lömbin krúttlegu, líf og fjör!

Verið öll hjartanlega velkomin!

---

## FRÁ ÁLFABORG/VALSÁRSKÓLA

Verndarar fjörunnar á Svalbarðsströnd.



Í Valsárskóla er starfræktur útiskóli þar sem grunnskóladeildin og leikskóladeildin starfa saman úti í náttúrunni. Nemendur 4-8 ára hittast einu sinni í viku og eru úti við leik og störf. Eitt af þeim verkefnum sem við tökum okkur fyrir hendur er „Verndarar fjörunnar“. Það verkefni felur í sér að á hverju vori hreinsum við fjöruna frá vitanum í suðri að Hamrinum í norðri. Litlar hendur og fætur komast ekki yfir allt í einni ferð og því höfum við haft þann háttinn á að safna þessu í „stórar“ hrúgur við veginn á meðan það „litla“ fer í poka sem við berum svo heim og flokkum. Þessu stóra söfnum við svo saman þegar við erum búin að fara yfir allt svæðið og fáum þá starfsmann hreppsins eða góða granna til að

koma á bíl, þannig getum við komið ruslinu á gámasvæðið og flokkað það í viðeigandi gáma.

Eitt árið vigtuðum við smáruslið sem fer í pokana og það voru rúm 30 kíló af smádóti sem kom úr pokunum. Við höfum sérstakar áhyggjur af öllu plastinu sem er að finna í fjörunni. Það er hættulegt fyrir fugla og lífríki hafsins. Við reynum að temja okkur að gefa litum sem ekki eiga heima í fjörunni sérstakan gaum. Rautt, gult, grænt, blátt og bleikt er grunsamlegt þegar það liggur úti í náttúrunni. Það krefst þess að það sé skoðað nánar. Hvítt, svart og aðrir náttúrulegir litir geta líka leynt á sér, þá þarf að velta fyrir sér lögum og áferð og vega og meta hvort það sé aðskotahlutur í náttúrunni. Spýtur með nöglum geta reynst hættulegar og því fjarlægjum við þær líka.

Okkur langar svo til að þið sem lesið þetta hugsið ykkur vel um þegar þið hendið rusli í klósettið eða úti í náttúrunni. Við finnum því miður mjög mikið af eyrnápnastöngum sem sennilega fara í klósettið og þaðan út í sjó. Við skulum temja okkur að flokka ruslið vel og setja það í viðeigandi ílát. Við skulum líka temja okkur að tína upp rusl sem við rekumst á í náttúrunni og hjálpast að við að halda okkar fallega umhverfi hreinu og snyrtilegu.

P.S. Það er gott að hafa poka í vasanum þegar farið er í ferðir út í náttúruna til að geta sett ruslið í ef þið rekist á eitthvað sem ekki á heima í náttúrunni.

Bestu umhverfiskveðjur frá Verndurum fjörunnar.

Krakkarnir í útiskólanum, Dilla og Guðfinna.

---

# FJÁRÖFLUN UNGLINGAÐEILDAR VALSÁRSKÓLA

Kirkland WC-pappír: 40 rúllur á 5.000 kr.

Klósettþappír: 48 WC-rúllur 7.000 kr og 24 rúllur 3.500 kr.

Eldhúspappír: 15 rúllur 3.800 kr. og 5 rúllur 1.300 kr.

Gæðapappír sem er keyrður heim að dyrum. Til að panta pappír má hafa samband við Fjólu Þórhallsdóttur Smáratúni 1, sem tekur við pöntunum í síma 892-0773.

---

## BÓKASAFN

Bókasafn Lestrarfélags Svalbarðsstrandar er í Ráðhúsinu á Svalbarðseyri. Það er opið á mánudögum kl. 17:00-19:00, en þess utan er hægt að komast á bókasafnið þegar skrifstofa sveitarfélagsins er opin.

---

Ströndungur kemur næst út miðvikudaginn 23. maí.

Skilafrestur er til kl. 15:00 mánudaginn 21. maí.